

Stofnfiskur hf.
Ella Kristín Geirsdóttir
Staðarberg 2-4
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 14. september 2020
UST202003-317/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2020 – fiskeldi Stofnfisks hf. í Seljavogi í Höfnum

Þann 8.7.2020 sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Stofnfisks hf. í Seljavogi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ný frávik komu fram við eftirlit en þrjár ábendingar voru gerðar (sjá meðfylgjandi eftirlitsskýrslu).

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfiskur Seljavogur



Dags eftirlits	8.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Stofnfiskur	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Staðarbergi 2-4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Auður Eyberg Helgadóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ella, Júlía, Viðar og Andri	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirlitinu en þrjár ábendingar voru gerðar.

Ábendingarnar snúa að tiltekt utanhúss, skráningu olúgeyma og að ákvæði í 1. mgr. 4. gr. b laga nr. 71/2008 um að bæði rekstrarleyfi og starfsleyfi eru skilyrði fyrir rekstri fiskeldisstöðvar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið í Seljavogi fór fram 8. júlí sl. og fólst í skoðun á aðstöðunni og fundi þar sem farið var yfir eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti – úrbætur frávikna og ábendinga
- Kröfur til fiskeldisfyrirtækja – kröfur í starfsleyfum
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Fulltrúar Stofnfisks ehf. voru Ella Kristín Geirsdóttir, Júlía S. Morozova, Auður Eyberg Helgadóttir, Viðar Örn Victorsson og Andri Rúnar Sigurðsson. Gottskálk Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili er ekki með gilt starfsleyfi en fékk undanþágu umhverfis-, og auðlindaráuðneytisins frá því að hafa starfsleyfi þann 1. júlí sl.

Skilyrði í undanþágunni var að stöðin hefði rekstraleyfi Matvælastofnunar.

Stofnfiskur í Seljavogi er sóttkvíarstöð fyrir blendings laxaseiði sem koma af íslenskum hrognum og norskum svilum. Sérstaða stöðvarinnar er að þar er ræktaður sjúkdómalaus stofn sem selur framleiðslu sína jafnt innan- sem utanlands. Dýralæknir vottar seiðin áður en þau eru flutt úr stöðinni.

Ferskvatn er endurnýtt allt að 85% og er því magn frárennslis lítið. Borhola fyrir sjó er innan lóðarinnar. Stöðin fær ferskvatn og hitaveituvatn frá Vatnsveitu Hafna og Hitaveitu Suðurnesja.

Stöðin er í leiguhúsnæði sem er um 590 m².

Vísað er í meðfylgjandi gátlista um niðurstöður eftirlitssins.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að bæta umgengni utandyra.


Rekstraraðila var afhent excel-skjal til útfyllingar vegna olúgeyma sem eru í notkun í stöðinni. Útfyllt skjal barst stofnuninni 13. júlí sl.

Stofnunin bendir á að þó að tímabundin undanþága hafi verið veitt frá kröfu um starfsleyfi, er stöðin ekki með gilt rekstrarleyfi. Því starfar stöðin án heimildar þar sem hafa þarf bæði starfs- og rekstrarleyfi til reksturs fiskeldisstöðvar skv. 1. mgr. 4. gr. b laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta tallist frávik.

Reykjavík, 14.09.2020


Gottskálk Friðgeirsson

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Stofnfiskur	Dags. eftirlits: 8. júlí 2020	Staðsetning stöðvar: Seljavogi, Höfnum	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 620391 1079	Gildistími starfsleyfis: Stöðin hefur undanþágu UAR frá starfsemi þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út, þó ekki lengur en til 1. júlí 2021	Kvittun afhend: Já – 8. júlí 2020	Gerð stöðvar: Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		<p>Rekstraraðili er ekki með starfsleyfi.</p> <p>Stöðin sótti þann 15. júní sl. um undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Þann 1. júlí sl. ákvað UAR að veita rekstraraðila tímabundna undanþágu að því tilskyldu að fyrir liggja rekstrarleyfi Matvælastofnunar.</p> <p>Skv. MAST er stöðin ekki með rekstrarleyfi og eldi í stöðinni því ekki heimilt.</p> <p>Á síðasta ári var framleiðslan 1,4 tonn (og magn fargaðs og dauðs fisks 1,2 tonn), eða samtals um 2,6 tonn.</p>
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Sótt hefur verið um 20 tonna starfsleyfi og áætlað er að vera með allt að 1 tonn af laxi í stöðinni og allt að 19 tonnum af hrognkelsi (seiði sem verða alin upp í klakfisk).
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Rekstraraðili er ekki með starfsleyfi, en skráningar eru góðar, gæðahandbók.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. mars?	X			Ársyfirliti og niðurstöðum frárennismælinga skilað 30. apríl 2020
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum?				Uppfært áhættumat barst 24. febrúar 2019.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

(viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Áætlanir liggja fyrir og eru endurskoðaðar nú þegar nýtt starfsleyfi er í vinnslu.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Skírteini nr. 0472433
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Sjá VR-A34 í gæðahandbók.
Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Vinna ekki eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Unnið er að uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfi móðurfyrirtækisins (Benchmark) og það verður tekið upp hérlendis.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Á ársgrundvelli er heildarfódurgjöf rúmt tonn af Eco seiðafóðri og fódurstuðull um 0,73 til 0,83. Endurnýting er á ferskvatni stóran hluta ársins og þá er rennsli um 0,16 l/sek. en okt. – nóv. eftir að seiðin hafa smoltað þá er notaður sjór og rennslið um 20 l/sek. Svifagnir í útrennsli er um 3 mg/l og lítil losun á N og P.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Mælingar 2019
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða?	X			Ein útrás og hreinsikerfi er í frárennslinu og rekstraraðili fékk undanþágu HES frá því að uppfylla ákvæði 9.2. í 9. grein reglugerðar


Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?				nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Því endar lögnin efst í fjörunni. Ekkert set né útfellingar, olía né sorp eru sjáanlegir í fjörunni.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Stöðin er með endurnýtingarkerfi á ferskvatni. Búnaðurinn er innanhúss. Í fráveitulögninni sem endar efst í fjörunni er 12 m ³ klórurartankur og síðan fiskigildra. Vatnsskipti í fjöru eru hröð.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Öll ker eru innanhúss og stöðin stendur við sjó.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Engin vöktun á viðtaka.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur fer í fódurgerð til Skinnfisks ehf. í Sandgerði. Sorp er ekki flokkað en fer til viðurkennds móttakanda. Spilliefni fara í spilliefnamóttöku. Kvittanir eru til staðar.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.			X	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			X	Árlegar eða í samræmi við nýtt starfsleyfi sem unnið er að. Mælt er: COD/BOD Svifagnir (TSS) N total P total Sýni ehf.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Niðurstöður síðasta eftirlits: Fimm frávík komu fram við eftirlit 2018 er vörðuðu rekstur án starfsleyfis, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, neyðaráætlun, losun efna út í umhverfið án starfsleyfis og skráningar á losun. Ein ábending var gerð er varðaði umgengni fyrir utan stöð.	
Samantekt:	Sest var á fund með fulltrúum rekstraraðila, Ellu Kristínu Geirsdóttur, Julia S. Morozova, Auði Eyberg Helgadóttur og Viðari Erni Victorssyni. Fulltrúar rekstraraðila kynntu reksturinn í Seljavogi, tekin staða á frávíkum og ábendingum síðustu ára. Farið yfir umhverfiskröfur sem gerðar eru til fiskeldisfyrirtækja um framlagðar áætlanir, skráningar, skýrslur og ársyfirlit, mælingar, losunarmörk í frárennsli og tilkynningar. Kynnt var áhættumat sem leggja á til grundvallar þegar tíðni eftirlita er ákvörðuð. Áhersluverkefni ársins um skráningu olfugeyma á landinu var kynnt. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Ábending var gerð um að skrá olfugeyma þ.e. neyslu-, húsa-, og lausageyma og skila upplýsingum þar um til Umhverfisstofnunar. Excel-skjal með upplýsingunum hefur borist stofnuninni. 2) Ábending var gerð um að bæta umgengni utandyra. 3) Ábending er gerð um að til reksturs fiskeldisstöðvar þarf bæði gilt starfsleyfi (eða undanþágu ráðuneytisins frá starfsleyfi) og rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 4.gr. b. laga nr. 71/2008. Farið var í skoðun á stöðinni og var flestu vel fyrir komið og samræmi við kröfur til starfseminnar. Fráveitukerfi stöðvarinnar var skoðað sem og umgengni utanhúss. Enn er allmikið af „lager“ utanhúss.
Annað:	



Undirskrift eftirlitsmanns: _____